

12. fundur Svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða, haldinn í fjarfundi, mánudaginn 20. janúar 2025 kl 13.00.

Mætt voru Lilja Magnúsdóttir, formaður, Arinbjörn Bernharðsson (kom seinna inn á fundinn), Arnlín Óladóttir, Ástrós Þóra Valsdóttir, Bragi Þór Thoroddsen, Jóhanna Ösp Einarsdóttir (kom seinna inn á fundinn), Kristján Þór Kristjánsson, Margrét Dögg Sigurbjörnsdóttir (kom seinna inn á fundinn) Matthías Lýðsson, Sigríður Júlía Brynleifsdóttir og Þorgeir Pálsson

Forföll boðuðu; Aníta Björk Pálinudóttir, Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir, Eva Sigurbjörnsdóttir, Finnur Ólafsson og Páll Vilhjálmsón.

Auk þeirra sátu starfsmenn fundinn frá Vestfjarðastofu Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðaþróunar sem ritaði einnig fundargerð og Hjörleifur Finnsson, verkefnastjóri. Hinsvegar Hrafnkell Proppé, skipulagsráðgjafi frá Urbana ehf og Herdís Sigurgrímsdóttir, sérfræðingur og Hlynur Torfason skipulagssérfræðingur frá VSÓ ráðgjöf.

Fundarefni. Náttúra og auðlindir og viðfangsefni því tengd

Dagskrá;

1. Kynning á skýrslunni Þjóðgarðar á Vestfjörðum
2. Kynning á skýrslunni Kolefnisjöfnun á Vestfjörðum
3. Kynning á tillögu að aðalskipulagi Strandabyggðar
4. Mótun vinnslutillögu - Náttúra og auðlindir

Formaður bauð fundarmenn velkomna til fundar. Hún kynnti með vísun til 11. fundar að Tryggvi B Bjarnason, hefði óskað eftir við Vesturbyggð að fá tímabundið leyfi frá störfum með nefndinni. Nú hefði Páll Vilhjálmsón, samkvæmt samþykkt bæjarráðs Vesturbyggðar 14. janúar s.l., tekið tímabundið við sæti Tryggva.

Formaður kynnti einnig að sveitarstjórn Reykhólahrepps hefði samþykkt á fundi sínum þann 11. desember s.l. að skipa þær Jóhönnu Ösp Einarsdóttur og Margréti Dögg Sigurbjörnsdóttur sem nýja fulltrúa í svæðisskipulagsnefnd en Árný Huld Haraldsdóttir og Vilberg Þráinsson ósku lausnar frá setu í svæðisskipulagsnefnd vegna anna í öðrum störfum. Formaður þakkaði Árnýju og Vilberg fyrir störf þeirra í nefndinni og bauð þær Jóhönnu og Margréti velkomna til starfa.

Formaður kannaði síðan með boðun fundarins, engar athugasemdir komu fram og gengið var til dagskrár

1. Kynning á skýrslunni Þjóðgarðar á Vestfjörðum

Formaður kynnti að í ágúst s.l. gaf Vestfjarðastofa út skýrsluna Þjóðgarðar á Vestfjörðum¹. Óskað var eftir að efni skýrslunnar yrði kynnt á fundinum með vísan til fundarefnis. Formaður gaf Hjörleifi Finnssyni orðið, en hann skrifaði efni skýrslunnar og fékk sérfræðirýni á efni hennar.

Mætt til fundar Margrét Dögg

Almenn niðurstaða skýrslunnar er að möguleikar til stofnunar þjóðgarðs eða þjóðgarða á Vestfjörðum eru miklir. Náttúruleg og menningarleg sérstaða er mikil en þörf er fyrir uppbyggingu innviða og lagalegar forsendur eru til staðar. Af öðrum átta sértækari niðurstöðum dró Hjörleifur út þrjár sérstaklega sem möguleika til þjóðagarðastofnunar:

- Dynjandisþjóðgarður
- Dynjandisþjóðgarður með aflýsingu friðlýsingu friðlands vegna virkjunar í Vatnsfirði
- Drangajökulþjóðgarður norðan Hvalárvirkjunar og flutningslína.

Formaður þakkaði Hjörleifi og gaf orðið laust. Til máls tóku Arnlín, Kristján og Matthías. Hjörleifur tók þátt í umræðu og svaraði fyrirspurnum.

2. Kynning á skýrslunni Kolefnisjöfnun á Vestfjörðum (Hjörleifur)

Formaður kynnti að í desember s.l. gaf Vestfjarðastofa út skýrsluna Kolefnisjöfnun á Vestfjörðum². Formaður gaf Hjörleifi Finnssyni orðið, en hann skrifaði efni skýrslunnar en að skrifum hennar komu einnig starfsmenn Verkís og starfsmenn Vestfjarðastofu.

Fram kom að hluti af lagaskyldu sveitarfélaga í gerð loftlagsstefnu er að móta stefnu um kolefnisjöfnun. Skýrslan fjallar um mikið flækjustig er varðar kolefnisjöfnun á valkvæða kolefnisjöfnunarmarkaðnum. Reynt er í skýrslunni að varpa ljósi á vottunarferli, mat á kolefniseiningu og markað fyrir kolefniseiningar og síðan raktir möguleikar sveitarfélaga í kolefnisjöfnun.

Formaður þakkaði Hjörleifi, gaf orðið laust og til máls tóku Lilja, Arnlín og Matthías. Hjörleifur tók þátt í umræðu og svaraði fyrirspurnum.

¹ <https://www.vestfiridir.is/static/research/files/thjodgardar-a-vestfjordum.pdf>

² https://www.vestfiridir.is/static/research/files/kolefnisjofnun-a-vestfjordum-vestfjardastofa_24.pdf

3. Kynning á tillögu að aðalskipulagi Strandabyggðar.

Formaður kynnti að þann 20. desember s.l. hefði Strandabyggð sett í auglýsingu tillögu að aðalskipulag Strandabyggðar 2021-2033³ á grundvelli samþykktar sveitarstjórnar 12. nóvember 2024. Um er að ræða heildarendurskoðun gildandi aðalskipulags Strandabyggðar 2010-2022. Tillagan er í auglýsingu til 14. febrúar 2025 og tali áhugavert fyrir svæðisskipulagsnefnd að fá upplýsingar um tillögur að breytingum á skipulaginu

Til máls tók Hlynur Torfi Torfason, sem skipulagsfulltrúi Strandabyggðar.. Fram kom að;

- að landbúnaðarflokkar eru skilgreindir á annan hátt auk nýs landnýtingarflokks (skógrækt og landbúnaðarsvæði)
- Kvíslartungunguvirkjun, skilgreining iðnaðarsvæðis
- Austurgilsvirkjun, skilgreining iðnaðarsvæis
- Varúðarsvæði við Skúfnavatna komi til byggingar vatnsorkuvers á því svæði.

Hlynur taldi að ekki væru bein áhrif á svæðisskipulaggreðina fyrir utan tillögur að virkjunum.

Formaður þakkaði Hlyni og gaf orðið laust, til máls tóku Aðalsteinn, Arnlín og Matthías

4. Mótun vinnslutillögu - Náttúra og auðlindir

Formaður gaf Hrafnkeli og Herdísi orðið til að fara yfir helstu atriði í tillögu að viðfangsefninu Náttúra og auðlindir í vinnslutillögu. Hrafnkell og Herdís lögðu áherslu á að fyrsta skrefið í stefnumótuninni væri stöðumatið og þær ályktanir sem af því væru dregnar í formi áskorana.

Í máli þeirra kom fram að mikilvægt væri að áherslur sveitarfélaganna kæmu fram í umræðum um málaflökkana og einstaka málefni til að fá sem bestan efnivið í mótun stefnu einstaka málaflökka innan þess sviðs sem hér er til umræðu.

Arinbjörn og Jóhanna mættu til fundar

- Náttúra og auðlindir
 - Kolefnislosun náttúruleg, samfélags og breytt landnotkun og skógrækt.
 - Náttúruvá og áhrif loftlagsbreytingar.
 - Orkuöflun. Staða og áskoranir

Formaður þakkaði Hrafnkeli og Herdísi fyrir þeirra innlegg.

Hún gaf orðið laust og til máls tóku Lilja, Sigríður Júlía, Arnlín, Hjörleifur, Jóhanna, Kristján, Aðalsteinn

Lilja vék af fundi kl 14.45 og tók Sigríður Júlía, varaformaður við stjórn fundarins.

³ <https://skipulagsgatt.is/issues/2024/675>

Gaf hún Braga orðið, síðan tóku máls Hrafnkell, Matthías, Aðalsteinn, Arnlín, Kristján, Jóhanna og Hjörleifur.

Tillaga kom fram um að umræðu um þessa liði verði framhaldið í upphafi næsta fundar. Ljóst væri að viðfangsefnin sköruðust og ekki yrði bæði haldið og sleppt til að ná fram niðurstöðu. Tillagan borinn upp og samþykkt

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 15.15